

Ambiance Superfinish Halvblank

Pólýúretan lakk 40%



Efnislýsing

Ambiance Superfinish Halvblank er vatnsþynnanlegt akrýllakk, styrkt með pólýúretan. Lakkið hefur einstaklega fallega silkimatta áferð og er ætlað til málunar á eldhúskápum, hurðum, körmum, sökklum, listum o.fl. Það hentar einnig vel á ryðvarðar plötur og stálhluti innanhúss. Ambiance Superfinish Halvblank hefur afar gott flot, þekur vel og myndar mjög slitsterka og þvottheldna málningsarfilmu sem gulnar ekki með tímanum.

Meðhöndlun

Nýmálun

1. Þegar ómeðhöndlaður viður er málaður skal einangra kvisti með Original Kvistlack eða Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
2. Grunnið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
3. Spartilíð eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk.
4. Grunnið yfir spartilíð t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
5. Málið loks tvær umferðir af Ambiance Superfinish Halvblank.

Endurmálun

1. Fjarlægið fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Málartvätt og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun.
3. Grunnið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Sikkens BL Primer.
4. Spartilíð flötinn ef þörf er á og grunnið.
5. Málið tvær umferðir af Ambiance Superfinish Halvblank.

Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og milliumferðir) þorna yfir nótt áður en lokaumferðin af Ambiance Superfinish Halvblank er borin á.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl pólýúretan

Gljástig: Hálfmatt 40%

Þurrktími við 23°C/50% raka: Gegnumþurrt eftir 2 klst., yfirmálun möguleg eftir 6 klst.

Loft-/yfirborðshiti við málun: Minnst +5°C

Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningspauptur

Þekja: 10 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra dósir

Stofnar: BW, BM og BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC fl. A/a 130 g/l):

Inniheldur mest 99 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.